



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

ÁRANGURSSKÝRSLA 2008

ÁGÚST 2009



EFNISYFIRLIT

1.0 INNGANGUR	4
2.0 VÍDDIR STARFSEMINNAR	4
3.0 ÞJÓNUSTA	5
3.1 Mælikvarðar	5
3.1.1 Framvinduskýrslur til verkkaupa	6
3.1.2 Fjárhagsyfirlit til verkkaupa	6
3.1.4 Rýnifundur með viðskiptavinum	6
3.1.5 Hlutfall verkefna þar sem frávik raunkostnaðar (að fráðregnum viðbótarverkum) frá áætlun er minna en 5%	6
3.1.6 Að kvörtunum og kærur sem eiga sér stoð sé haldið í lágmarki	7
3.1.7 Hlutfall frumathugana og umsagna um þær sem taka mið af viðeigandi stöðlum, viðmiðunum og leiðbeiningum	7
4.0 FJÁRMÁL FSR	8
4.1 Mælikvarðar.....	8
4.1.1 Fjöldi greiðsluáætlana sem hlutfall af fjölda verka í verklegri framkvæmd í umsjón FSR	9
4.1.2 Endurskoðaðar greiðsluáætlanir	9
4.1.3 Fjármagnskostnaður sem hlutfall af veltu	9
4.1.4 Afskrifaðar kröfur sem hlutfall af veltu	9
4.1.5 Hlutfallslegt frávik (tap) rauntalna frá áætlun	9
4.1.6 Hlutfallslegt frávik útseldra tíma frá áætlun	9
4.1.7 Hlutfallslegt frávik innseldra tíma frá áætlun	10
5.0 INNRA STARF	11
5.1 Mælikvarðar.....	11
5.1.1 Fjöldi funda um viðhald á verklagsreglum.....	11
5.1.2 Endurskoðun skjala í Rekstrarhandbók FSR	12
5.1.3 Fá gæðastjórnunarkerfi FSR vottað.....	12
5.1.4 Hlutfallslegt frávik fjölda innri úttekta frá áætlun	12
5.1.5 Notkun á innri Vef FSR.....	12
5.1.6 Ánægja starfsmanna með miðlun upplýsinga.....	12
6.0 MANNAUÐUR.....	13
6.1 Mælikvarðar.....	13
6.1.1 Fjöldi starfsmannasamtala á ári sem hlutfall af starfsmannafjölda.....	13
6.1.2 Fjöldi viðburða á vegum starfsmannafélagsins	13
6.1.3 Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir eða nokkuð ánægðir með úthlutun verkefna	14
6.1.4 Frávik frá gátlista við ráðningu nýrra starfsmanna	14
6.1.5 Hlutfall starfsmanna sem eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma.....	14

6.1.6	Áætla hverjum starfsmanni fjármagn til símenntunar	14
7.0	FRUMKVÆÐI	15
7.1	Mælikvarðar.....	15
7.1.1	Fjöldi funda með verkkaupum, þar sem tilhögun umsagna er rædd	15
7.1.2	Samræma og staðla samningsform í samráði við SOV	16
7.1.3	Fjöldi samráðsfunda vegna uppsetningar og viðhalds á kostnaðarbanka	16
7.1.4	Hlutfall verkefna hjá FSR sem sett er á Verkefnavef	16
7.1.5	Fjöldi funda í stýrihópi Verklýsingavefjar	16
8.0	Samanburður rauntalna við rekstraráætlun fyrir árið 2008	17
8.1	Laun	18
8.2	Ferðir og fundir	18
8.3	Almennar rekstrarvörur.....	18
8.4	Aðkeypt þjónusta.....	18
8.5	Húsnæði	18
8.6	Bírfreiðar og vélar	18
8.7	Vextir, skattar og afskriftir	18
8.8	Eignakaup.....	18
8.9	Tekjur.....	18
8.10	Niðurstaða ársins	19
9.0	LOKAORD.....	19

1.0 INNGANGUR

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur frá árinu 2003 unnið í anda gæðastjórnunar, eins og hún er sett fram í alþjóðlega gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001.

Í október 2004 tók Framkvæmdasýslan upp aðferðafræði samhæfðs árangursmats sem hluta af gæðastjórnun sinni og í tengslum við það hafa verið sett upp stefnukort og skorkort fyrir stofnunina.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir árangri Framkvæmdasýslunnar á árinu 2008, bæði hvað varðar þjónustu, fjármál, innra starf, mannauð og frumkvæði, og er það meðal annars gert með því að birta og fjalla um niðurstöður mælinga á mælikvörðum í skorkortinu. Hver vídd starfseminnar fær umfjöllun í sérstökum kafla og í síðasta kaflanum er farið yfir hvernig rekstraráætlun ársins 2008 stóðst, með því að bera saman áætlun og rauntölur.

2.0 VÍDDIR STARFSEMINNAR

Starfsemi Framkvæmdasýslu ríkisins hefur verið flokkuð niður í fimm víddir: Þjónusta, Fjármál FSR, Innra starf, Mannauð og Frumkvæði. Hugmyndin er sú að í hverri vídd sé tekið á áhersluatriðum sem stofnunin hefur sett fram á viðkomandi sviði.

Samkvæmt aðferðafræði samhæfðs árangursmats eru innan hversrar víddar sett fram yfirmarkmið, markmið og mælikvarðar sem tengjast þeirri starfsemi eða áherslum sem hver vídd skilgreinir.

Fjallað verður um hverja vídd fyrir sig í þeim köflum sem hér fara á eftir. Tekin verða fyrir þau verkefni og áhersluatriði sem tilheyra viddinni, ásamt þeim markmiðum og mælikvörðum sem þar eru sett fram.

Í hverjum kafla er sýnd skjámynd af niðurstöðum skorkortsins til frekari skýringar.

VÍDDIR	A Þjónusta	▶ A.1: <u>Veita viðskiptavinum góða þjónustu</u> ▲ A.2: <u>Viðhalda faglegum vinnubrögðum</u>
	B Fjármál FSR	▲ B.1: <u>Viðhafa markvissa stýringu fjármuna</u> ▲ B.2: <u>Halda fjármálum innan ramma áætlana</u>
	C Innra starf	▶ C.1: <u>Hafa vel skilgreinda og skilfesta verkferla</u> ▶ C.2: <u>Hafa markvissa og áreiðanlega upplýsingamiðlun</u>
	D Starfsmenn	▲ D.1: <u>Hafa hæft starfsfólk hjá FSR</u> ▲ D.2: <u>Viðhalda góðri og öflugri sérþekkingu</u>
	E Frumkvæði	▶ E.1: <u>Stuðla að vönduðum undirbúningi framkvæmda</u> ▼ E.2: <u>Stuðla að bróun ráðgjafa- og verktakamarkaðar</u> ▶ E.3: <u>Sýna frumkvæði í notkun upplýsingatækni</u>

Skorkort: Skjámynd af inngangssíðu Skorkorts FSR árið 2008.

3.0 ÞJÓNUSTA

3.1 Mælikvarðar

Hér er sýnt hvernig skorkort FSR lítur út fyrir þjónustuvíddina árið 2008. Síðan er fjallað um hvern mælikvarða og stöðu hans í lok ársins.

A. Þjónusta	
A.1. Veita viðskiptavinum góða þjónustu	
Tryggja upplýsingamiðlun til viðskiptavina	
Framvinduskýrslur til verkkaupa (Anna Braguina)	
Janúar (75 %)	
Febrúar (80 %)	
Mars (82 %)	
Apríl (90 %)	
Maí (96 %)	
Júní (85 %)	
Júlí (80 %)	
Ágúst (79 %)	
September (95 %)	
Október (95 %)	
Nóvember (92 %)	
Desember (70 %)	
Fjárhagsyfirlit til verkkaupa (Anna Braguina)	
Janúar (89 %)	
Febrúar (95 %)	
Mars (95 %)	
Apríl (86 %)	
Maí (95 %)	
Júní (90 %)	
Júlí (90 %)	
Ágúst (97 %)	
September (94 %)	
Október (95 %)	
Nóvember (97 %)	
Desember (96 %)	
Hafa leiðbeiningar fyrir viðskiptavini á vefsíðu FSR (Anna Braguina)	
Janúar - Júní (2 af/á)	
Júlí - Desember (2 af/á)	
Uppfylla þarfir viðskiptavina	
Rýnifundur með viðskiptavinum (Anna Braguina)	
Janúar - Mars (1 fundir)	
Apríl - Júní (0 fundir)	
Júlí - September (2 fundir)	
Október - Desember (0 fundir)	
A.2. Viðhalda faglegum vinnubrögðum	
Gera áreiðanlegar áætlanir og fylgja þeim	
Hlutfall verkefna þar sem frávik raunkostnaðar (að frádregnum viðbótarverkum) frá áætlun er minna en 5% (Anna Braguina)	
Janúar - Júní (50 %)	
Júlí - Desember (50 %)	
Gæta jafnræðis og hlutlægni í afgreiðslu mála	
Að kvörtunum og kærnum vegna útboða sem eiga sér stoð sé haldið í lágmarki. (Anna Braguina)	
Janúar - Júní (0 %)	
Júlí - Desember (0 %)	
Taka mið af stöðlum, viðmiðunum og leiðbeiningum við ráðgjöf	
Hlutfall frumathugana og umsagna um þær sem taka mið af viðeigandi stöðlum, viðmiðunum og leiðbeiningum. (Anna Braguina)	
Janúar - Júní (100 %)	
Júlí - Desember (100 %)	

3.1.1 Framvinduskýrslur til verkkaupa

Framkvæmdasýslan hefur þá vinnureglu að veita verkkaupum reglulega upplýsingar um framvindu verka. Því hefur verið útbúinn mælikvarði til að meta hversu vel gengur að koma upplýsingunum til skila.

Forstjóri ákveður í samvinnu við verkefnastjóra hvort og hvenær á að útbúa framvinduskýrslu og senda til verkkaupa. Skýrslurnar eiga síðan að vera sendar með tölvupósti, settar inn á verkefnavef FSR eða með öðrum sannanlegum hætti komið til verkkaupa.

Mælikvarðinn er athugaður mánaðarlega og er þá fundið hlutfall skýrslna, sem voru sendar, miðað við áætlun. Markmiðið er 100% en leyft er 5% frávik fyrir grænt svæði og 20% frávik fyrir gult svæði.

Í ljós kemur að í þremur mánuðum ársins er mælikvarðinn rauður, í sex er hann gulur og í þremur mánuðum grænn.

Af þessu má sjá að árangur hefur orðið nokkur í að fjölga mánaðarlegum framvinduskýrslum, grænum mánuðum fjölgað úr einum í þrjá og rauðum fækkað um einn. Ástæður þess að ekki tekst að ná betri árangri geta verið ýmsar. Meðal annars að aðkeyptir eftirlitsaðilar hafa ekki staðið við samningsskyldur sínar, en einnig hafa einstakir verkkaupar óskað eftir því að þessar upplýsingar séu ekki sendar til þeirra. Þá getur hér verið um að ræða of metnaðarfulla áætlun í upphafi.

3.1.2 Fjárhagsyfirlit til verkkaupa

Á sama hátt og með framvinduskýrslur er gerð áætlun yfir hvenær og í hvaða verkum á að koma upplýsingum um fjárhagsstöðu til verkkaupa.

Þessi mælikvarði er skoðaður mánaðarlega og er þá fundið hlutfall skýrslna, sem voru sendar, miðað við áætlun.

Markmiðið er 100% en leyft er 5% frávik fyrir grænt svæði og 20% frávik fyrir gult svæði.

Í ljós kemur að mælikvarðinn er gulur í fimm mánuðum og grænn í sjö. Enginn mánuður fær rauðan lit.

3.1.3 Aðgengilegar leiðbeiningar á vefsíðu FSR fyrir verkkaupa

Mælikvarðinn beinist að því hvort birtar séu á vefsíðu FSR skýrar og einfaldar upplýsingar og leiðbeiningar fyrir viðskiptavinum stofnunarinnar. Mælingin felst í að sannreyna og/eða

uppfæra fyrirbyggjandi upplýsingar tvisvar á ári. Sé það ekki gert verður mælikvarðinn á rauðu svæði.

Upplýsingar á vef FSR uppfylltu kröfur í bæði skiptin sem mælikvarðinn var skoðaður og er hann því grænn fyrir árið 2008.



3.1.4 Rýnifundur með viðskiptavinum

Mælikvarðinn beinist að því að kanna viðhorf viðskiptavina FSR til stofnunarinnar og þjónustu hennar. Gert var ráð fyrir að forstjóri og skrifstofustjóri fundi með að minnsta kosti einum viðskiptavini í hverjum ársfjórðungi. Ekkert svigrúm er gefið fyrir gult svæði innan hvers ársfjórðungs, þannig að annað hvort er mælikvarði ársfjórðungsins grænn eða rauður.

Alls hefur verið fundað með þremur viðskiptavinum yfir árið. Einn fundur var á fyrsta ársfjórðungi og tveir á þeim þriðja. Heildarmæling ársins gefur því gulan lit.

3.1.5 Hlutfall verkefna þar sem frávik raunkostnaðar (að fráðregnum viðbótarverkum) frá áætlun er minna en 5%

Þegar skilamat hefur verið gefið út fyrir ákveðið verk er raunkostnaðurinn, án kostnaðar við viðbótarverk, borinn saman við áætlun.

Mælingin er síðan í því fólgin að kanna hversu hátt hlutfall lokinna verka hefur haldist innan 5% viðmiðsins.

Markmiðið er 100% en leyft er 5% frávik fyrir grænt svæði og 15% frávik fyrir gult svæði.

Venjan er að mæla þetta hlutfall tvisvar á ári en árið 2008 voru einungis tvö skilamöt gefin út svo mælingin var aðeins gerð einu sinni. Í öðru verkinu var frávikið 2% en í hinu 29%. Þannig verður gildi mælikvarðans 50% og hann þar af leiðandi rauður.

3.1.6 Að kvörtunum og kærum sem eiga sér stoð sé haldið í lágmarki

Kærur er varða útboð á vegum FSR berast lögum samkvæmt til kærunefndar útboðsmála. Ef niðurstöður nefndarinnar gefa tilefni til eru útboðs- og samningsskilmálar FSR endurskoðaðir og það sama á við um niðurstöður dómstóla.

Gildi mælikvarðans er fundið með því að deila fjölda úrskurða kærunefndar útboðsmála, sem fellur FSR í óhag, með fjölda tilkynninga FSR um töku tilboðs.

Á árinu 2008 hefur enginn úrskurður kærunefndar útboðsmála fallið FSR í óhag og mælikvarðinn er því grænn.

Allar frumathuganir og umsagnir um frumathuganir sem unnar voru hjá FSR árið 2008 reyndust í samræmi við kröfur og er mælikvarðinn því grænn.



3.1.7 Hlutfall frumathugana og umsagna um þær sem taka mið af viðeigandi stöðlum, viðmiðunum og leiðbeiningum

Tvisvar á ári kannar forstjóri hvort farið hafi verið eftir viðeigandi stöðlum, verklagsreglum, viðmiðunum og leiðbeiningum í þeim frumathugunum og umsögnum um þær sem FSR hefur látið frá sér fara.


Mælt er hlutfall þeirra gagna sem uppfylla þessar kröfur. Markmiðið er 100% en leyft er 5% frávik fyrir grænt svæði og 20% frávik fyrir gult svæði.



4.0 FJÁRMÁL FSR

4.1 Mælikvarðar

Hér á eftir verður fjallað um hvern mælikvarða fjármálavíddarinnar og stöðu hans á árinu 2008. Einnig er sýnt hvernig skorkort FSR lítur út fyrir víddina.



4.1.1 Fjöldi greiðsluáætlana sem hlutfall af fjölda verka í verklegri framkvæmd í umsjón FSR

Þessi mælikvarði er skoðaður tvisvar á ári og sýnir fjölda greiðsluáætlana sem hlutfall af fjölda verka í umsjón FSR. Markmiðið er 100% en leyft er 10% frávik fyrir grænt svæði og 30% frávik fyrir gult svæði.

Á fyrri hluta ársins var hlutfall greiðsluáætlana 75% og á þeim síðari reyndist hlutfallið vera 80%.

Í ljós kom í mælingum fyrra árs að svigrúm væri til úrbóta hvað varðar þennan mælikvarða og hefur árangur batnað á árinu 2008.

4.1.2 Endurskoðaðar greiðsluáætlanir

Mikilvægt er að innborganir til FSR frá viðskiptavinum sé í góðum takti við útstreymi fjármagns frá stofnuninni. Því er mikilvægt að fram fari reglubundin endurskoðun á greiðsluáætlunum viðskiptavinnanna, eftir því sem verkin þróast.

Þessi mælikvarði er skoðaður tvisvar á ári. Þá er mælt hlutfallið af endurskoðuðum greiðsluáætlunum, sem eru í gildi á hverjum tíma í verklegri framkvæmdum.

Markmiðið er að minnsta kosti 90% greiðsluáætlana séu endurskoðaðar. Leyft er þó 20% frávik fyrir gult svæði.

Mælikvarðinn mælist 75% á fyrri árshelmingi og 80% á þeim seinni. Mælikvarðinn fyrir árið er því gullur.

4.1.3 Fjármagnskostnaður sem hlutfall af veltu

Þessi mælikvarði er skoðaður tvisvar á ári og sýnir fjármagnskostnað FSR sem hlutfall af veltu.

Markmiðið er 0% en það er mjög stíf krafa varðandi þetta hlutfall. Leyft er 0,05% frávik fyrir grænt svæði og 0,1% frávik fyrir gult svæði.

Mælikvarðinn er 0,01% og 0,02% og mælist því grænn í báðum mælingum ársins

4.1.4 Afskrifaðar kröfur sem hlutfall af veltu

Þessi mælikvarði er skoðaður einu sinni á ári og sýnir afskrifaðar kröfur FSR sem hlutfall af veltu.

Markmiðið er 0% en leyft er 0,5% frávik fyrir grænt svæði og 2,0% frávik fyrir gult svæði.

Gildi mælikvarðans fyrir árið 2008 er 0% og er hann grænn.



4.1.5 Hlutfallslegt frávik (tap) rauntalna frá áætlun

Rekstraráætlun FSR miðar við að stofnunin sé rekin á núlli ár hvert. Verði hagnaður af rekstrinum telst ekki um frávik að ræða í þessu tilliti.

Þessi mælikvarði mælir því eingöngu tap á rekstri. Markmiðið er 0% en leyft er 4,0% frávik fyrir grænt svæði og 10,0% frávik fyrir gult svæði.

Hlutfallslegt frávik var 0,5% árið 2008 og mælikvarðinn er því grænn.

Frekari umfjöllun um samanburð á rauntölum við rekstraráætlun ársins er í kafla 8.

4.1.6 Hlutfallslegt frávik útseldra tíma frá áætlun

Í upphafi hvers árs gera allir starfsmenn FSR áætlun um vinnu sína. Vinnutímar eru annars vegar flokkaðir í "útselda tíma" og hins vegar í "innselda tíma" og innan hvors flokksins eru tímarnir síðan settir niður á ákveðin verkefni. Með útseldum tímum er átt við þá tíma sem FSR gerir reikninga fyrir til sinna verkkaupa, þ.e. einungis ráðuneyti og stofnanir þeirra, fyrir ýmiss konar þjónustu, bæði ráðgjöf og umsjón með framkvæmdum.

Þessi mælikvarði er skoðaður mánaðarlega og sýnir hlutfallslegt frávik útseldra tíma frá áætlun. Markmiðið er að ekkert frávik sé frá áætlun, en leyft er 5% frávik fyrir grænt svæði

og 10% frávik fyrir gult svæði. Einungis er mælt neikvætt frávik, þ.e. ef útseldir tímar eru færri en áætlað var. Ef frávikið er jákvætt, þ.e. útseldir tímar eru fleiri en áætlað var, túlkast það ekki sem frávik.

Allir mánuðir ársins mældust með minna en 5% frávik og er því mælikvarðinn grænn.



4.1.7 Hlutfallslegt frávik innseldra tíma frá áætlun

Með innseldum tímum er átt við þá tíma sem starfsmenn FSR verja til innra starfs og þróunarvinnu af ýmsu tagi.

Þessi mælikvarði er skoðaður mánaðarlega og sýnir hlutfallslegt frávik innseldra tíma frá áætlun. Markmiðið er að ekkert frávik sé frá áætlun, en leyft er 5% frávik fyrir grænt svæði og 10% frávik fyrir gult svæði. Einungis er mælt neikvætt frávik, þ.e. ef innseldir tímar eru fleiri en áætlað var. Ef frávikið er jákvætt, þ.e. innseldir tímar eru færri en áætlað var, túlkast það ekki sem frávik.

Sjö mánuði ársins sýndi mæling minna en 5% frávik og eru þeir mánuðir því grænir í skorkorti en fimm mánuðir fá gulan lit þar sem frávik eru meiri en 5%. Heildarmælikvarðinn er því gulur.



5.0 INNRA STARF


5.1 Mælikvarðar

Hér á eftir verður fjallað um hvern mælikvarða víddarinnar um innra starf og stöðu hans á árinu. Einnig er sýnt hvernig skorkort FSR lítur út fyrir víddina.

5.1.1 Fjöldi funda um viðhald á verklagsreglum

Tvisvar á ári fara forstjóri og gæðastjóri yfir frávik og athugasemdir úr innri úttektum ásamt ábendingum úr ábendingakerfi og sannreyna að tekið hafi verið tillit til þeirra við endurskoðun Rekstrarhandbókar.

Tveir fundir voru haldnir á árinu, einn á hvorum árshelmingi. Mælikvarðinn er því grænn.



Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2008, sem sýnir víddina fyrir innra starf með markmiðum og mælikvörðum.

5.1.2 Endurskoðun skjala í Rekstrarhandbók FSR

Þessi mælikvarði mælir fjölda funda forstjóra og gæðastjóra þar sem farið er yfir skjöl í Rekstrarhandbók. Ef haldinn er einn fundur á þriggja mánaða fresti verður mælikvarði ársfjórðungsins grænn, en rauður ef enginn fundur er haldinn.

Tveir fundir voru haldnir, einn á fyrsta ársfjórðungi og annar á þeim þriðja. Heildar-niðurstaða mælingar er gulur litur.



5.1.3 Fá gæðastjórnunarkerfi FSR vottað

Fyrir árslok 2004 var gerður samningur við Vottun hf. um vottun gæðakerfis FSR. Í upphafi ársins 2008 var stefnan sett á að á síðari hluta ársins yrði gæðakerfi stofnunarinnar vottað.

Af ýmsum orsökum varð minna úr vinnu við vottunarferlið en til stóð. Markmið um að vottun yrði komin fyrir lok árs náðist ekki og er mælikvarðinn því rauður.

5.1.4 Hlutfallslegt frávik fjölda innri úttekta frá áætlun

Engar innri úttektir fóru fram á árinu og er mælikvarðinn því rauður.

5.1.5 Notkun á innri Vef FSR

Innri vefur FSR tekinn formlega í notkun, 5. desember 2007. Með notkun hans er ætlað að auka upplýsingaflæði til starfsmanna, veita þeim annars vegar upplýsingar um það sem er sameiginlegt fyrir starfsmenn í innra starfi FSR og hins vegar einstaklingsbundnar upplýsingar um það sem snúa að viðkomandi starfsmanni og einnig ýmislegt til gagns og gamans á vinnustaðnum.

Með þessum mælikvarða er mældur fjöldi fréttaskota og tilkynninga sem sett eru á Vef FSR á hverju tímabili. Áætlun skorkortsins gerði ráð fyrir mælingu mánaðarlega en svo fór að þessi mælikvarði var einungis mældur einu sinni eftir árið. Gert var ráð fyrir 10 færslum inn á innri vefinn mánaðarlega fyrir grænt svæði og 4 fyrir gult svæði.




Niðurstaða ársins varð að mánaðarlega voru að meðaltali 2,25 fréttir eða tilkynningar settar á innri vefinn. Þannig verður heildarniðurstaðan mæling á rauðu svæði.

5.1.6 Ánægja starfsmanna með miðlun upplýsinga

Mæling á ánægju starfsmanna með miðlun upplýsinga innan FSR byggir á viðhorfskönnun meðal starfsmanna.

Markmiðið er 100% en leyft er 15% frávik fyrir grænt svæði og 30% frávik fyrir gult svæði.

Samkvæmt viðhorfskönnun sem Ríkis-endurskoðun framkvæmdi innan stofnunarinnar eru 70% starfsmanna ánægðir með miðlun upplýsinga. Mælikvarðinn er því gulur.



6.0 MANNAUÐUR


6.1 Mælikvarðar

Hér á eftir verður fjallað um hvern mælikvarða mannauðsvíddarinnar og stöðu hans á árinu. Einnig er sýnt hvernig skorkort FSR lítur út fyrir víddina.

6.1.1 Fjöldi starfsmannasamtala á ári sem hlutfall af starfsmannafjölda

Þessi mælikvarði, sem skoðaður er einu sinni á ári, sýnir fjölda starfsmannasamtala á ári sem hlutfall af starfsmannafjölda. Mælikvarðinn er grænn ef rætt er við a.m.k. 80% starfsmanna og gulur ef hlutfallið er milli 60 og 80%.

Rætt hefur verið við alla starfsmenn á þessu ári og mælikvarðinn er því grænn.



Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2008, sem sýnir starfsmannavíddina með markmiðum og mælikvörðum.

6.1.2 Fjöldi viðburða á vegum starfsmannafélagsins

Þessi mælikvarði, sem skoðaður er ársfjórðungslega, sýnir fjölda viðburða á vegum starfsmannafélagsins. Lágmarkið er einn viðburður á tímabili til að mælikvarðinn sé grænn, en annars er hann rauður.

Atburðir voru tveir á þremur tímabilum og einn á einu svo mælikvarðinn er grænn.





6.1.3 Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir eða nokkuð ánægðir með úthlutun verkefna

Hér er mælt hvernig til hefur tekist við úthlutun verkefna til starfsmanna enda er stefnt að því að úthluta verkefni í samræmi við hæfileika og áhugasvið hvers starfsmanns. Stuðst er við niðurstöður úr viðhorfskönnun á meðal starfsmanna.

Mælt er hlutfall þeirra sem eru mjög ánægðir eða frekar ánægðir. Markmiðið er 100% ánægðir starfsmenn en leyft er 15% frávik á grænu svæði og 30% frávik á því gula.

Samkvæmt niðurstöðu viðhorfskönnunar eru 74% starfsfólks ánægt með úthlutun verkefna og því er mælikvarðinn gulur.

6.1.4 Frávik frá gátlista við ráðningu nýrra starfsmanna

Með mælikvarða þessum er mældur meðalfjöldi frávika frá gátlista við ráðningu nýrra starfsmanna. Markmiðið er að frávik verði engin, en leyft er frávik við 5 atriði á græna svæðinu og 10 frávik á gula svæðinu.

Árið 2008 var enginn starfsmaður ráðinn í fullt starf hjá Framkvæmdasýslunni og því voru engin frávik frá gátlistanum og er mælikvarðinn því grænn.

6.1.5 Hlutfall starfsmanna sem eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma

Þessi mælikvarði er skoðaður tvisvar á ári og mælir hlutfall þeirra starfsmanna sem eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma árið 2007. Markmiðið er 100% en leyft er 10% frávik á grænu svæði og 20% frávik á gula svæði.

Á báðum árshefningum áttu 92% starfsfólks kost á sveigjanlegum vinnutíma. Mælikvarðinn er því grænn.

6.1.6 Áætla hverjum starfsmanni fjármagn til símenntunar

Þessi mælikvarði er skoðaður í upphafi hvers árs og mælir hvort áætlað hefur verið fyrir símenntun í rekstraráætlun stofnunarinnar fyrir nýbyrjað ár. Mælt er af/á, þannig að til að svæðið haldist grænt þarf svarið að vera já.


Gert var ráð fyrir þessu í áætlun fyrir árið 2008 og er mælikvarðinn því grænn.



7.0 FRUMKVÆÐI

7.1 Mælikvarðar

Hér á eftir verður fjallað um hvern mælikvarða frumkvæðisvíddarinnar og stöðu hans á árinu. Einnig er sýnt hvernig skorkort FSR lítur út fyrir víddina.



Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2008, sem sýnir frumkvæðisvíddina með markmiðum og mælikvörðum.

7.1.1 Fjöldi funda með verkkaupum, þar sem tilhögun umsagna er rædd

Þessi mælikvarði, er skoðaður tvisvar á ári og mælir fjölda funda sem haldnir eru á tímabilinu. Markmiðið er að halda að minnsta kosti tvo fundi með verkkaupum á hálfis árs tímabili og gefur sá fjöldi grænt svæði en einn fundur gefur gult svæði.

Formlegir fundir voru ekki haldnir en umræður fóru fram milli aðila (ígildi funda) svo mælikvarðinn telst vera gullur.

7.1.2 Samræma og staðla samningsform í samráði við SOV

Þessi mælikvarði er skoðaður fjórum sinnum á ári og mælir fjölda funda sem haldnir eru á tímabilinu.

Markmiðið er að halda að jafnaði tvo fundi í samráðshópnum í hverjum ársfjórðungi og gefur sá fjöldi grænt svæði en einn fundur á hverju tímabili gefa gult svæði.

Starfsemi SOV lá niðri á árinu 2008 svo engir fundir voru haldnir. Mælikvarðinn er því rauður árið 2008.

Umhugsunarvert er hvort rétt er að hafa þannig mælikvarða í skorkortinu, sem stjórnast svo mjög af frammistöðu aðila utan stofnunarinnar.

7.1.3 Fjöldi samráðsfunda vegna uppsetningar og viðhalds á kostnaðarbanka

Sú samvinna sem fjallað er um í kafla 7.1.2 nær einnig til samræmingar á uppsetningu kostnaðarbanka, en samræmdar áætlanir milli hinna stóru verkkaupa gera öll samskipti markvissari.

Þessi mælikvarði er skoðaður tvisvar á ári og mælir fjölda funda sem haldnir eru á tímabilinu. Markmiðið er að halda tvo fundi á hvoru tímabili og gefur sá fjöldi grænt svæði en einn fundur á hverju tímabili gefur gult svæði.

Hér á það sama við og í 7.1.2 að starfsemi SOV lá niðri á árinu 2008 og engir fundir því haldnir.

7.1.4 Hlutfall verkefna hjá FSR sem sett er á Verkefnavef

Markmið er að verkum í umsjón FSR verði jafnt og þétt beint inn á Verkefnavefinn.

Þessi mælikvarði er skoðaður ársfjórðungslega og mælir hlutfall þeirra verkefna, sem sett eru á Verkefnavefinn. Stefnt er að 90% hlutfalli á hverju tímabili og gefur það hlutfall grænt svæði, en 75% gefa gult svæði.

Hlutfallið var á bilinu 75-90% yfir árið og mælikvarðinn því gulur.



7.1.5 Fjöldi funda í stýrihópi Verklýsingavefjar

Með mælikvarða þessum, sem skoðaður er fjórum sinnum á ári, er mældur fjöldi funda í stýrihóp um gerð Verklýsingavefjar. Stefnt er að því að hafa að minnsta kosti tvo fundi á hverju tímabili og gefur sá fjöldi grænt svæði, en einn fundur gefur gult svæði.

Þetta verkefni hefur verið sett í bið og því var engin vinna því tengd á árinu. Mælikvarði er því rauður.

8.0 Samanburður rauntalna við rekstraráætlun fyrir árið 2008

Hér að neðan má sjá samanburð rauntalna við rekstraráætlun Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir árið 2008. Í köflum 8.1 til 8.10 verður fjallað nánar um hvern greiðslulið.

Greiðsluliðir:		Rauntölur 2008	Áætlun 2008	Frávik %
I.	Laun			
	Dagvinna	98.819	89.375	11%
	Yfirvinna	17.136	24.978	-31%
	Önnur laun	1.828	1.674	9%
	Launatengd gjöld	24.331	23.902	2%
	Laun samtals	142.113	139.929	2%
II.	Ferðir og fundir			
	Ferða- og dvalarkostnaður innanlands	1.847	600	208%
	Ferða- og dvalarkostnaður erlendis	2.820	3.500	-19%
	Fundir, námskeið og risna	5.668	3.100	83%
	Akstur	5.519	3.500	58%
	Ferðir og fundir samtals	15.854	10.700	48%
III.	Almennar rekstrarvörur	3.238	1.700	90%
	Alm. rekstrarvör. samtals	3.238	1.700	90%
IV.	Aðkeypt þjónusta			
	Tölvu-og kerfisfræðiþjónusta	26.650	10.000	166%
	Aðkeypt þjónusta önnur	2.761	1.500	84%
	Sími og ýmis leigugjöld	6.272	3.500	79%
	Prentun, póstur, augl, flutningar	2.049	1.200	71%
	Aðkeypt þjónusta samtals	37.732	16.200	133%
V.	Húsnæði			
	Húsaleiga og ræsting	6.633	5.700	16%
	Rafmagn og heitt vatn	266	250	6%
	Verkkaup og byggingavörur	183	100	83%
	Húsnæði samtals	7.082	6.050	17%
VI.	Bifreiðar og vélar			
	Rekstur bifreiða	1.036	800	29%
	Bifreiðar og vélar samtals	1.036	800	29%
VII.	Vextir, bætur, skattar, afskriftir	974	1.000	-3%
VIII.	Eignakaup			
	Skrifstofuvélar og tæki	1.728	500	246%
	Húsgögn	1.637	500	227%
	Símbúnaður	1.707	1.500	14%
	Tölvubúnaður (tæki og hugbúnaður)	2.698	2.000	35%
	Eignakaup samtals	7.771	4.500	73%
	Rekstrarkostnaður alls	215.800	180.879	19%
X.	Tekjur			
	Sértekjur	-210.009	-175.090	20%
	Framlag ríkissjóðs	-2.700	-2.700	0%
	Tekjur samtals	-212.709	-177.790	20%
	Gjöld umfram tekjur	3.091	3.089	0%

8.1 Laun

Á árinu 2008 urðu ekki miklar breytingar í starfsmannahópnum. Nýir starfsmenn voru Anna Sigríður Guðnadóttir og Heiðís Brandsdóttir. Þá hætti Bjarni Guðnason í lok ársins. Yfirvinna dróst töluvert saman á árinu, eða um 31% frá áætlun, enda höfðu tilmæli borist frá fjármálaráðuneytinu um að skera niður yfirvinnu. Rauntölur ársins 2008 vegna heildarlauna fóru 2% fram úr áætlun, sem þó er í rauninni samdráttur í meðallaunum á starfsmann vegna þess að um var að ræða aukningu í stöðugildum.

8.2 Ferðir og fundir

Ferðakostnaður innanlands kemur að mestu leyti til vegna ferða stjórnenda FSR á fundi eða opnanir mannvirkja úti á landi. Bókun á þessum kostnaði breyttist á árinu og fer ferðakostnaður vegna verka nú í gegnum reksturinn og myndar því tekjur á móti. Þessi liður var því eðlilega nokkuð yfir áætlun, þar sem ekki hafði verið áætlað fyrir þeim kostnaði.

Framkvæmdasýsla ríkisins er aðili að norrænu samstarfi, eins og NKS, NKU og NBD auk annars evrópusamstarfs. Þetta samstarf kallar á ferðir til útlanda á fundi og ráðstefnur. Kostnaður vegna ferða til útlanda varð 19% lægri en áætlun gerði ráð fyrir, enda dregið úr honum eins og unnt var vegna tilmæla frá fjármálaráðuneytinu. Ekki varð raunaukning í kostnaði við akstur heldur var um breytta skráningaraðferð að ræða, eins og í öðrum ferðakostnaði. Auknar tekjur koma á móti þessum kostnaði.

8.3 Almennar rekstrarvörur

Þessi liður var 90% hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Þetta skýrist að hluta af því að eftir að dagpeningagreiðslur vegna ferða starfsmanna innanlands voru lagðar af og aðeins greiddur útlagður kostnaður. Þessi kostnaður bókast því á þennan lið. En þetta er ekki stór liður í heildarmyndinni og hafði verið vanáætlaður.

8.4 Aðkeypt þjónusta

Flestir liðir aðkeyptrar þjónustu komu út nokkru fyrir ofan áætlun. Munar mest um kostnað vegna tölvu og kerfisfræðiþjónustu sem að mestu leyti stafar af óvæntum viðbótarkostnaði vegna innleiðingar á viðskipta- og bókhaldskerfinu Orra. Þá var einnig ráðist í ljósmyndun á verkum, en ekki hafði verið áætlað fyrir því.



8.5 Húsnæði

Framkvæmdasýsla ríkisins er til húsa í Borgartúni 7A. Þessi liður reyndist fara 17% umfram áætlun og munar þar mest um hækkun húsaleigu.

8.6 Bifreiðar og vélar

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur eina bifreið á rekstrarleigu. Rekstur bifreiðarinnar var töluvert kostnaðarsamari en gert hafði verið ráð fyrir og skýrist það einkum af almennum verðhækkunum.

8.7 Vextir, skattar og afskriftir

Þessi liður var á áætlun.

8.8 Eignakaup

Engin veruleg eignakaup höfðu verið áætluð á árinu en ekki varð hjá því komist að kaupa húsgögn og tölvur vegna ráðningnar tveggja nýrra starfsmanna. Þessi liður fór því fram úr áætlun.

8.9 Tekjur

Sértekjur Framkvæmdasýslunnar voru árið 2008 um 20% hærri en áætlað hafði verið. Munurinn stafar að miklu leyti af því að útseld vinna var áætluð miðað við færri starfsmenn en þar kemur einnig til ferðir, akstur og

útlagður fæðiskostnaður innanlands sem myndar bæði tekjur og gjöld.

8.10 Niðurstaða ársins

Niðurstaða rekstrar Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir árið 2008 er að gjöld eru um þremur milljónum króna hærri en tekjurnar. Þetta er alveg í samræmi við það sem gert var ráð fyrir í rekstraráætlun ársins. Uppsafnað eigið fé stofnunarinnar lækkar sem því nemur.

9.0 LOKAORÐ

Árið 2008 var í nokkuð hefðbundnum farvegi hjá Framkvæmdasýslunni. Töluvert var boðið út af verklegum framkvæmdum á árinu og einnig var nokkuð unnið að undirbúningi verka.

Það er von höfunda að skýrsla þessi gefi lesendum gott yfirlit yfir starfsemi Framkvæmdasýslu ríkisins á árinu 2008.

Reykjavík, 10. ágúst 2009



Óskar Valdimarsson, forstjóri